

99. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.  
Haldinn í Bergi 12. janúar 2021. Fundur hófst kl. 14:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Gunnþór E. Gunnþórsson og Björk Hólm Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Menningarhússins Bergs.

#### Dagskrá:

##### 1. Fjárhagsstaða félagsins

Björk átti í morgun fund með innheimtufulltrúa Dalvíkurbyggðar þar sem farið var yfir fjárhagsstöðuna. Ekki er til fyrir öllum föstum reikningum sem nú þarf að standa skil á enda engir viðburðir í húsinu sem gefa tekjur nema myndlistarsýning. Samþykkt að óska eftir því við Dalvíkurbyggð að fyrri hluti samningsbundins styrks frá sveitarfélaginu fáiist greiddur á næstu dögum í stað 1. júní eða verði dreift á mánuðina þannig að dugi fyrir föstum útgjöldum frá mánuði til mánaðar. Björk falið að ræða við Dalvíkurbyggð um þetta og leita bestu lausnar á fjármögnuninni. Ákveðið að framlengja samning við þann sem ræstir húsið um 3 mánuði án breytinga.

##### 2. Tíminn framundan

Útlit er fyrir að næstu mánuði verði erfitt um vik með að bæta í þjónustu. Samþykkt að fella niður ákvæði um úthlutanir fyrir ákveðin tímabil á meðan aðstæður í samfélaginu breytast ekki. Hægt verður að sækja um beint til forstöðumanns að vera með viðburði í húsinu eða rekstur kaffihússins til lengri eða skemmri tíma. Til að árétta þetta og hvetja íbúa til að standa fyrir viðburðum innan þeirra marka sem gilda hverju sinni var Björk falið að senda út auglýsingar í sveitarfélagið, inn á facebooksíðuna og á heimasíðu Bergs. Umræða fór einnig fram um möguleika hússins til að standa að viðburðum í nágrenni framtíð en engin ákvörðun tekin.

##### 3. Aðkoma almennings að Menningarhúsinu

Umræður um leiðir til að efla starfsemina í húsinu með aðkomu almennings. Björk falið að setja á blað hvaða markmiðum skal ná með því, bæði menningarleg og afkomutengd, þar sem fram kemur hver ávinningur Menningarfélagsins yrði annars vegar og almennings hins vegar. Málið verður tekið til umræðu aftur með vorinu.

##### 4. Endurskoðun á hlut Menningarhússins af innkomu

Þegar nýtt fyrirkomulag tók gildi og ný gjaldskrá sett var ákveðið að hlutur hússins af innkomu skyldi vera 10%. Reynslan sýnir að það er of lágt hlutfall. Samþykkt að hækka það í 15% frá og með 1. febrúar n.k. og gildir það fyrir alla innkomu í húsinu. Björk falið að uppfæra gjaldskrána.

##### 5. Önnur mál

- a) Dóróþea spurðist fyrir um hvort *Klassík í Bergi* væri ennþá inni í árlegum viðburðum í húsinu. Björk sagði svo vera þó að ekki hafi tekist að koma því við árið 2020.
- b) Björk fór yfir þær bókanir sem liggja fyrir á salnum vegna fyrirhugaðra listsýninga árið 2021.

Fundi slitið kl. 15:25.